
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 1999-08

Fundartími: Fimmtudagur 4. nóvember 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.**
 - 2) Endurreikningur raforkuspár, lokafrágangur.**
 - 3) Verkefni ársins 2000.**
 - 4) Önnur mál.**
-

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Ólafur Pálsson
Jónas Guðlaugsson
Guðmundur Guðmundsson
Edvard G. Guðnason
Svanbjörn Sigurðsson

1. JV dreifði töflum um raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 12,7% frá sama tíma á síðasta ári. Stórnotkun vex um 21,8%, almenn notkun vex um 2,1%, flutningstöpin minnka um 8,9% og eigin notkun Landsvirkjunar eykst um 10,2%. Þegar einungis er litið á almenna forgangsorku vex hún mikið eða um 4,4% en almenna ótryggða orkan minnkar um 13,0%. Töpin hafa minnkað eins og von var á þar sem Búrfellslína 3 kom í rekstur undir lok síðasta árs og Nesjavellir hófu þá rekstur. Aukning almennrar notkunar er 2,4% á þriðja ársfjórðungi sem er mun minna en á tveimur fyrstu ársfjórðungunum. JV sagði að þetta gæti bent til þess að hagvöxtur væri farin að minnka sem væri í samræmi við það að Þjóðhagsstofnun segðist sjá ýmis merki um slíkt. JV dreifði þá töflu yfir almenna notkun leiðréttá út frá lofthita. Þar kemur fram að hitafar á þriðja ársfjórðungi er svipað og á síðasta ári en fyrstu tveir ársfjórðungarnir voru heldur kaldari. Aukningin minnkar við leiðréttingu og verður 1,7%. Aukning er 4,0% í forgangsorkunni en minnkun í ótryggðu orkunni um 13,6% (leiðrétt). Á þriðja ársfjórðungi var nokkur aukning í ótryggðu orkunni vegna skerðingar í september á síðasta ári. (Villa var í flutningstöpum og eigin notkun í töflum sem dreift var á fundinum en þessar tölur miða við réttar töflur. Einnig voru villur í töflunum sem dreift var í september varðandi fyrri helming ársins).

JV afhenti töflur yfir raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins hjá einstökum veitum sem kaupa raforku af Landsvirkjun. Þar kemur fram að raforkunotkun hefur vaxið hratt á höfuðborgarsvæðinu það sem af er ársins, nokkur aukning er á Suðurnesjum en utan Suðvesturlands minnkar notkunin.

2. JV dreifði skýrslu um endurreikning raforkuspár og sagði að menn gætu pantað fleiri eintök á bókasafni Orkustofnunar. EGG sagði að skrifað hefði verið undir samning við Norðurál í síðustu viku og er því spáin í samræmi við það. JV sagði að skýrslan yrði sett út á netið á næstunni.
3. Engar athugasemdir komu fram við áætlun um næsta ár. JV sagði að taxtar fyrir starfsmenn mundu hækka umfram það sem kemur fram í drögum að

áætlun vegna launahækkana.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:40. Næsti fundur ákveðinn 7. desember 1999 og var ákveðið að borða saman þá eins og hópurinn hefur gert í desember undanfarin ár.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Raforkunotkun 1999, fyrstu 9 mánuðir ársins. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrstu 9 mánuðir ársins. (JV)

Raforkunotkun hjá einstaka veitum, fyrstu 9 mánuðir ársins. (JV)

Orkuspárnefnd, 1999: "Raforkuspá 1999-2025. Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum". OS-99082. (JV)